



352. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var á Microsoft Teams, fimmtudaginn 15. febrúar 2024 kl. 16:00.

Mætt: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hörður Þorsteinsson, Kári Mímisson, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSí.

Teams: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir.

Forföll: Lárus L. Blöndal forseti, Daníel Jakobsson, Garðar Svansson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti ÍSí setti fundi og stjórnaði honum í fjarveru forseta.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSí.

Nokkrar umræður urðu um undirbúning nýrrar vefsíðu fyrir ÍSí, þá kosti sem í boði eru og áætlaðan kostnað. Hinkrað verður með ákvörðun í málinu þar til frekari gögn liggja fyrir um kosti í stöðunni.

2. Fjármál

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri fór yfir stöðuna varðandi breytingar á úthlutunarreglum ÍSí vegna lottó, sem samþykktar voru á Íþróttabingi með fyrirvara um samþykkt á stofnun svæðisskrifstofa ÍSí og UMFÍ. Úthlutað var eftir gömlu reglugerðinni þar sem ekki var búið að ganga frá málum varðandi breytingarnar.

Samþykkt að nýja reglugerðin taki gildi 1. apríl nk. en þangað til verði greitt út samkvæmt fyrri reglum.

Hörður skýrði frá því að unnið sé markvisst að því að auka gagnsæi og minnka huglægan þátt í öllum úthlutunum ÍSí.

Hann kynnti umræðu og tillögur fjármálaráðs ÍSí um um skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda og útbreiðslustyrks til sérsambanda og þær breytingar sem fyrirhugaðar eru frá fyrri úthlutunum.

Umræður urðu um ofangreind atriði, jöfnunarákvæði og hlutfallsskiptingu.

Fjármálaráð mun halda áfram að vinna tillögur um ofangreinda styrki og úthlutanir, með hliðsjón af þeim umræðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundinum.

Endanlegar tillögur verða lagðar fyrir á næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSí.

3. Svæðaskrifstofur ÍSí og UMFÍ

Framkvæmdastjóri kynnti þá vinnu sem unnin hefur verið síðustu vikurnar. Tenglaráð, sem skipað er fulltrúum sem íþróttahéruðin tilnefndu fyrir hvert svæði, átti vinnufund í Laugardalnum sem ráðgjafafyrirtækið Intellecta stýrði. Fundað hefur verið stíft á Teams með hagaðilum og haft mikið samráð. Andri sýndi glærur sem unnar voru í samstarfi við Intellecta og tenglaráðið. Glærurnar innihalda m.a. skilgreiningar á verkefnum og flokkun verkefna í málaflokka, ásamt starfslýsingu og starfsauglýsingu fyrir starfsmannahópinn

sem auglýst verður eftir. Störfín verða auglýst í marsmánuði og stefnt er að koma Hvatasjóði einnig á laggirnar sem allra fyrst. Verið að leita eftir húsnæði fyrir skrifstofurnar og hefur í þeim tilgangi verið haft samband við landshlutaskrifstofur sveitarfélaga.

Unnið verður efni á vefsíðu þar sem sett verður fram ítarefni fyrir væntanlega umsækjendur til að kynna sér í umsóknarferlinu.

Fundarfólk lýsti yfir ánægju sinni með það hversu vel hefur miðað með þetta stóra verkefni. Minnt var á mikilvægi þess að halda framkvæmdastjórn ÍSÍ vel upplýstri á öllum stigum. Einnig var áréttað mikilvægi þess að tekið verði mið af landssvæðum og aðstæðum við ákvörðun um mælikvarða.

4. YOG í Gangwon

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir þátttöku Íslands í Vetrarólympíuleikum ungmenna sem fór fram í Gangwon í Suður-Kóreu 19. janúar til 1. febrúar sl. Verkefnið gekk heilt yfir mjög vel.

5. Ólympíuleikarnir í París

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu undirbúnings fyrir leikana. Nýlega var fundað með utanríkisráðuneytinu varðandi öryggismál og ýmis önnur mál er varða þátttöku opinberra aðila í verkefninu.

Með hliðsjón af því hversu nálægt Íslandi leikarnir verða haldnir að þessu sinni, gefst tækifæri fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til að sækja einhverja viðburði leikanna. Unnið verður að nánari tilhögun.

6. Skipan í samráðshóp um hagræðingu úrslita

Lagt fram afrit af skipunarbréfi til Líneyjar Rutar Halldórsdóttur í ofangreindan samráðshóp mennta- og barnamálaráðuneytis. Skipunartími er til 31. desember 2027.

7. Afrekssjóður ÍSÍ

Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti fór yfir stöðu mála í ljósi áframhaldandi gagnrýni nokkurra sérsambanda á úthlutun sjóðsins. Sjóðsstjórnin hefur nú farið aftur yfir fyrirbyggjandi gögn og ákvarðanir um úthlutanir og komist að sömu niðurstöðu og tilkynnt hafði verið.

Miklar umræður urðu um málið. Athugasemdir bárust frá FSÍ við upphaf fundarins en ekki gafst tími til að taka þær til efnislegrar umfjöllunar á fundinum. Verða þær teknar fyrir á næsta framkvæmdastjórnarfundi ÍSÍ.

Viðar Garðarsson kom á framfæri þökkum til sjóðsstjórnar um endurskoðun eftir ábendingar og rökstuðning sérsambanda varðandi nokkra þætti í útreikningi.

8. Heiðranir

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ fór yfir tilnefningar til heiðrana ÍSÍ.

Samþykktar eftirtaldar heiðranir í tilefni af 125 ára afmæli Knattspyrnufélags Reykjavíkur (KR):

Gullmerki ÍSÍ: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson fyrrverandi formaður KR og Gísli Georgsson fyrrverandi formaður körfuknattleiksdeildar KR.

Silfurmerki ÍSÍ: Böðvar Guðjónsson fyrrverandi formaður KR og framkvæmdastjóri körfuknattleiksdeildar KR, Guðrún Kristmundsdóttir fyrrverandi formaður

körfuknattleiksdeildar KR og Kristinn Kjærnested fyrrverandi formaður knattspyrnudeildar KR.

Formaður Heiðursráðs ÍSí mun afhenda viðurkenningarnar á afmælishófi á morgun, 16. febrúar.

Samþykkt að veita Vöndu Sigurgeirsdóttur fráfarandi formanni KSÍ, Borghildi Sigurðardóttur fráfarandi varaformanni KSÍ og Klöru Bjartmarz fráfarandi framkvæmdastjóra KSÍ Gullmerki ÍSí fyrir góð störf í þágu knattspyrnu á Íslandi.

Merkin verða afhent á ársþing KSÍ 24. febrúar nk.

9. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 350. og 351. fundar framkvæmdastjórnar ÍSí
- 311. fundar Afrekssjóðs ÍSí frá 14. febrúar sl.
- 1. fundar laganeftar ÍSí frá 30. janúar. **Tillögur nefndarinnar skv. fundargerð um afgreiðslu erinda staðfestar.**
- Fundar Verkefnasjóðs ÍSí frá 14. febrúar sl. **Tillaga sjóðsstjórnar skv. fundargerð um styrkveitingar staðfestar.**

10. Viðburðir

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

11. Næsti fundur

Næstu fundir verða haldnir 14. mars, 11. apríl og 16. maí nk.

12. Önnur mál

Starfsmannamál í íþróttahreyfingunni

Úlfur H. Hróbjartsson lýsti áhyggjum sínum og annarra í hreyfingunni varðandi mikla starfsmannaveltu hjá einingum í íþróttahreyfingunni. Óskað hann eftir því að þetta mál yrði skoðað af ÍSí hvernig hægt væri að halda betur í starfsfólkið. Mikil reynsla tapast þegar starfsmannaveltan er of hröð og það getur reynst hreyfingunni dýrt og tafsamt.

Samstarf við Pipar\TBWA

Hörður skýrði frá því að áfram sé unnið að kynningarmálum í samstarfi við auglýsingastofuna Pipar\TBWA, vegna fyrirhugaðs samtals við atvinnulífið. Stjórn verður upplýst frekar þegar tillögur hafa mótast betur.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.